

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel,  
C

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá [...]**

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

frá [...]

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

**CAEP/8 útfærsla**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB, <sup>(1)</sup>, einkum gr. 6(2),

Þar sem:

- (1) Gr. 6(1) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 216/2008/EB krefst þess að vörur, varahlutir og tæki fullnægi kröfum um umhverfisvernd í Viðauka 16 við Chicago samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir 'Chicago samningurinn') sem var útgefinn 20.11.08 fyrir bindi I og II, að undanskildum viðaukum.
- (2) Breytingar hafa verið gerðar á Chicago samningnum eftir samþykkt reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ætti því að breyta til samræmis;
- (4) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem gefið var út af Stofnuninni í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (5) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

---

<sup>(1)</sup> Stjórnartíðindi EB L 79, 13.03.08, bls. 1.

## SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

### *Grein 1*

Lið-21 í viðauka við reglugerð (EB) 1702/2003 er breytt sem hér segir:

1. Málsgrein 21A.4 (a) við undirlið A í hluta A er skipt út fyrir eftirfarandi:  

‘(a) Fullnægjandi samhæfing hönnunar og framleiðslu sem krafist er af 21A.122, 21A.130(b)(3) og (4), 21A.133 og 21A.165(c)(2) og (3) eins og við á, og’
2. Málsgrein 21A.130 (b)(3) við undirlið F í hluta A er breytt sem hér segir:  

‘3. Fyrir hvern hreyfil eða skiptiskrúfu, yfirlýsing þess efnis að hreyfillinn eða skrúfan hafi gengist undir lokavirkniþróf framleiðandans í samræmi við 21A.128; og

4. Ennfremur, hvað varðar hreyfla, yfirlýsing þess efnis að fullkláraður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur um útblástur á framleiðsludagsetningu þess hreyfils.’
3. Málsgrein 21A.165 (c)(2), (3) við undirlið G í hluta A er breytt sem hér segir:  

‘2. Skera úr um að aðrar framleiðsluvörur, íhlutir eða búnaður sé fullkláraður og samræmist viðurkenndum hönnunargögnum og sé í ástandi til öruggrar notkunar áður en EASA eyðublað 1 er gefið út til vottunar á samhæfi við viðurkennd hönnunargögn og ástandi til öruggrar notkunar;

3. Ennfremur, hvað varðar hreyfla, skera úr um að fullkláraður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur um útblástur á framleiðsludagsetningu þess hreyfils.’

4. Skera úr um að aðrar framleiðsluvörur, íhlutir eða búnaður samræmist viðeigandi gögnum áður en gefið er út EASA eyðublað 1 til vottunar um samhæfi.’

### *Grein 2*

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, [...]

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*

*[...]*

*Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar*